

**Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal (Brú), Lagarfljót og ár
sem falla til Berufjarðar, Hamarsfjarðar og Álftafjarðar**

Samantekt um fiskstofna

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson

Veiðimálastofnun

VMSTR/95014X

Unnið fyrir Landsvirkjun

X þýðir heft útbreiðsla

SAMANTEKT

Dregin er saman sú almenna þekking sem til er um búsvæði, fiskstofna og nýtingu þeirra á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Dal, Lagarfljóts og vatna sem falla til Berufjarðar, Hamarsjarðar og Álftafjarðar. Þetta er gert vegna virkjanhugmynda á þessum svæðum.

Í ám og vötnum á þessu svæði er bleikja almennt ríkjandi tegund. Flestar ár hafa fremur takmarkaða fiskframleiðslu og er nýting eftir því. Í nokkrum stöðuvötnum eru góðir veiðistofnar og eru sumir þeirra nýttir. Of lítil þekking er á fiskstofnum í ám og vötnum þessarar vatnakerfa. Upplýsingar um veiðinýtingu er einnig takmarkaðar. Bæta þarf við grunnþekkingu á fiskstofnum á hluta þessarar vatnasviða með rannsóknum. Þegar virkjanaáform verða skýrari þarf rannsóknir á þeim ám og vötnum sem fyrir hugsanlegum áhrifum verða.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
LÝSING VATNAKERFA OG FYRRI RANNSÓKNIR	2
1. Jökulsá á Fjöllum.....	2
2. Jökulsá á Dal (Brú).....	2
3. Lagarfljót.....	4
3.1. Aðalvatnsfall.....	4
3.2. Þverár Lagarfljóts.....	4
3.3. Fiskræktaraðgerðir á vatnasvæði Lagarfljóts.....	6
4. Ár í Berufirði, Hamarsfirði og Álftafirði.....	8
FREKARI RANNSÓKNIR.....	9
ÞAKKARORÐ.....	9
HEIMILDIR.....	10
Myndir.....	11
Töflur.....	15

INNGANGUR

Vegna undirbúnings virkjana á Austurlandi er mikilvægt að teknar séu saman upplýsingar um fiskstofna og nýtingu þeirra í ám og vötnum sem kunna að verða fyrir áhrifum virkjanaframkvæmda. Misjafnt er eftir virkjanahugmyndum hver áhrifin verða á vatnsföllin, einstaka hluta þeirra og lífríki (Haukur Tómasson 1992, Hákon Aðalsteinsson og Oddur Sigurðsson 1993, Kristján Þórarinnsson og fleiri 1993). Vatnakerfin sem hér um ræðir eru annars vegar vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Dal og Lagarfljóts, en þetta eru með stærstu fljótum landsins. Hins vegar munu fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir hafa áhrif á vatnasvið nokkurra áa sem falla til Berufjarðar, Hamarsfjarðar og Álftafjarðar. Skýrslan er unnin fyrir Landsvirkjun.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um veiðinýtingu í þessum vatnakerfum. Rannsóknir sem fram hafa farið á lífríki þessarar vatnsfalla eru einnig fremur litlar. Mestar rannsóknir eru til á Lagarfljóti (Hákon Aðalsteinsson 1982, Teitur Arnlaugsson 1978), en þar er veiðinýtingin mest og mikið hefur einnig verið gert þar til að reyna að auka veiði. Tilgangur þessarar skýrslu er að taka saman þær upplýsingar sem fyrir liggja um fiskstofna í þessum vatnakerfum og nýtingu þeirra. Heilstæð rannsókn á útbreiðslu tegunda í ám og vötnum og hugsanlegri veiðinýtingu hefur ekki farið fram, en stuðst er við fyrri rannsóknir af ýmsum toga og óbirt gögn á ýmsu formi sem til eru á Veiðimálastofnun. Þekking á fiskstofnum á svæðinu er því víða brotakennd og oft engin. Víða er einnig stuðst við grundvallarrit um íslenskar ár og vötn, eins og bók Sigurjóns Rist (1990) um íslensk vatnakerfi og skrá um íslensk stöðuvötn eftir Hákon Aðalsteinsson og fleiri (1989). Skýrslunni er ætlað að verða nauðsynlegur grunnur um hvar upplýsingar skortir, og hvort og hvaða rannsóknir þarf til að unnt verði að meta áhrif af væntanlegum virkjanaframkvæmdum.

Á Íslandi eru fjórar tegundir nytjafiska í ám og vötnum, lax, bleikja, urriði og áll. Fimmta fisktegundin er hornsíli og eru þá upptaldir íslenskir ferskvatnsfiskar. Állinn hrygnir í sjó og er hann aðallega að finna á Suður- og Vesturlandi þar sem álalirfur rekur að landi með hafstraumum. Mest er af honum í frjósömum stöðuvötnum og tjörnum á láglendi, þar sem hann elst upp. Í stöðuvötnum er bæði bleikja og urriði eftir því sem aðstæður leyfa, en urriði hrygnir í straumvatni og takmarkar það oft bæði fjölda urriða og útbreiðslu í vötnum. Í hlýrri og frjósamari ám landsins er laxinn ríkjandi tegund, bleikja í þeim kaldari og ófrjósamari og urriði þar á milli. Tegundirnar hrygna í malarbotn í ánum, þar sem hrognin eru grafin í mölina. Seiðin alst upp á grýttu undirlaginu í þeim straumhraða sem hentar best hverri tegund. Almennt gildir að laxaseiðin eru

í mestum straum (0,5-1,0 m /sek) , urriði í minni straum (0,2 -0,8 m/sek) og bleikja í minnstum straum (< 0,5 m/sek). Búsvæði seiða af þessum tegundum geta skarast nokkuð (Sigurður Guðjónsson 1990). Allar fjórar fyrrnefndu tegundirnar finnast í ám landsins, þó krafa þeirra til umhverfisins sé nokkuð mismunandi. Rafleiðnimæling ($\mu\text{S}/\text{sm}$) á vatni segir til um efnainnihald þess og má nota hana sem óbeinan mælikvarða á frjósemi áa. Ef áin er löng og rennur um gróið land og á láglendi, verður vatnið hlýrra yfir sumarið og næringarauðgi þess vex. Svifaur takmarkar auk þess lífræna framleiðslu í jökulvötnum þar sem sólarljósið nær skammt niður í vatnið.

LÝSING VATNAKERFA OG FYRRI RANNSÓKNIR

1. Jökulsá á Fjöllum

Vatnasvið *Jökulsár á Fjöllum* er 7750 km² að stærð, þar af eru 1400 km² jökull (Sigurjón Rist 1990) (1. mynd, tafla 1). Áin er blendinn að uppruna, auk jökulsins gætir verulegra lindaráhrifa í henni og dragár falla einnig í hana. Ekki er fyllilega vitað hversu langt áin er fiskgeng. Þó er augljóst að *Réttarfoss* stöðvar fiskför, ef kaststrengurinn þar sem *Vígabergsfoss* var hefur ekki gert það. Ef til vill er ófært fyrir fisk mun neðar í gljúfrunum. Neðst klofnar áin í tvennt, *Sandá* og *Bakkahlaup*. Sjóbleikja gengur í *Sandá* og þverár hennar, t.d. *Brunná*, en urriði er einnig í ánum og stöku lax. Stangveiði er stunduð þar, en veiðiskráning mætti vera betri. Í *Skjálftavatni* (2.5 km²) og *Litluá*, sem fellur í ós Bakkahlaups, er góð urriða- og bleikjuveiði auk nokkurrar laxveiði. Silungurinn er að einhverju leyti sjógenginn. Um fisk ofantil í vatnakerfi Jökulsár er ekkert vitað, annað en að þar er silungur. Á þeim slóðum falla lindir og lindár til Jökulsár og væntanlega er vatn þeirra steinefnaríkt (með háa leiðni) og gæti því lífríki þeirra verið auðugt og sérstætt.

2. Jökulsá á Dal (Brú)

Jökulsá á Dal er mikið vatnsfall sem á sama ós og Lagarfljót (2. mynd) og um árnar er sameiginlegt veiðifélag. Vatnasvið Jökulsár er 3700 km², þar af eru 900 km² jökull (tafla 1), en til Jökulsár falla margar dragár (Sigurjón Rist 1990) (2. mynd). Neðsti hluti Jökulsár er flatur og rennur áin þar á söndum, en ofar rennur hún á malareyrum. Þegar komið er upp undir brú, um 30

km frá ós árinna, rennur áin í þrengri farvegi og halli hennar verður meiri. Skiptast á klapparhöft og smágil með malareyrum á milli, en á eyrunum gætu þrífist seiði. Er svo inn allan Jökuldal. Áin er snauð af næringarefnum. Ekki er vitað hversu langt áin er fiskgeng en nokkuð ljóst að það er langt inn Jökuldal. veiði er lítið stunduð í Jöklu, eins og heimamenn nefna ána. Helst er veitt á stöng þar sem þverár falla í hana og hefst þar upp einhver silungur sem gæti allt eins hafa rekið niður úr aðliggjandi ám og vötnum. veiðiskráning er hins vegar mjög takmörkuð. Þar sem Jökuldalurinn er þröngur falla þverár yfirleitt bratt í Jökulsána og eru því stutt fiskgengar. Engar lífríkisrannsóknir hafa farið fram á vatnasviði Jökulsár, ef undan eru skildar ár í Jökulsárhliðinni og nokkur vötn á Jökuldalsheiðinni. Í Jökulsárhlið eru fjórar ár og renna þrjár þeirra í Jöklu. Stangveiði er stunduð í þeim.

Kaldá er nokkurt vatnsfall sem kemur úr Smjörfjöllum og fellur í Jökulsá (2. mynd). Áin er með lága leiðni (tafla 1) og er því líklega ófrjósöm. Neðst rennur hún á malareyrum, en er ofar í gili og um 3 til 4 km frá ós hennar er ófiskgengur foss. Bleikja er í Kaldá og þverá hennar, **Sauðá**, en þar er einnig urriði enda er hún heldur frjósamari.

Fossá er aðeins fiskgeng stuttan spöl, en þar ofan við eru 3-4 km með góðu seiðabúsvæði upp að fossum við fjallsrætur. Fossá á láglendari upptök en stöllur hennar sem nefndar hafa verið og er því með hærri leiðni (tafla 1). Ánni svipar mjög til **Laxár**, utan hvað vatnsmagn hennar er u.þ.b. helmingi minna. Laxá er fiskgeng um 4 km að fossi við Fossgerði. Í ánni er lax og bleikja, enda er áin allfrjósöm. Skilyrði til fiskframleiðslu í þverám Jöklu ofar í vatnakerfinu eru óþekkt.

Á Jökuldalsheiði eru vötn sem sum hver gætu orðið fyrir áhrifum af fyrirhuguðum virkjunum. **Sænavatn** (2.3 km²) er á vatnasvæði Hofsár í Vopnafirði. Í því er bleikja og góð veiði (Árni Helgason 1983). **Ánavatn** (4.9 km²) er stærsta vatnið á Jökuldalsheiði. Bleikja er í vatninu og er stunduð þar veiði (Árni Helgason 1983), en úr því rennur í **Þverárvatn** (0.9 km²) og síðan um **Þverá** í Jökulsá. Í **Þríhyrningsvatni** (3.6 km²) er mest fremur smá bleikja og hafa veiðar verið stundaðar þar síðustu ár. Úr Þríhyrningsvatni rennur Þríhyrningsá í Arnardalsá sem fellur í Jökulsá á Fjöllum. Um önnur vötn á Jökuldalsheiði er lítið vitað, en fiskur er í mörgum þeirra. Um vötn á Fljótaldalsheiði er einnig til lítil þekking á fiski og nær engin um vötn á Hraunum og þar austur af. Smádýralíf hefur verið skoðað í nokkrum vötnum og tjörnum á Fljótaldalsheiði og á Múla (Hjörleifur Guttormsson og fleiri 1981).

km frá ós árinna, rennur áin í þrengri farvegi og halli hennar verður meiri. Skiptast á klapparhöft og smágil með malareyrum á milli, en á eyrunum gætu þrifist seiði. Er svo inn allan Jökuldal. Áin er snauð af næringarefnum. Ekki er vitað hversu langt áin er fiskgeng en nokkuð ljóst að það er langt inn Jökuldal. veiði er lítið stunduð í Jöklu, eins og heimamenn nefna ána. Helst er veitt á stöng þar sem þverár falla í hana og hefst þar upp einhver silungur sem gæti allt eins hafa rekið niður úr aðliggjandi ám og vötnum. veiðiskráning er hins vegar mjög takmörkuð. Þar sem Jökuldalurinn er þröngur falla þverár yfirleitt bratt í Jökulsána og eru því stutt fiskgengar. Engar lífríkisrannsóknir hafa farið fram á vatnasviði Jökulsár, ef undan eru skildar ár í Jökulsárhliðinni og nokkur vötn á Jökuldalsheiðinni. Í Jökulsárhlið eru fjórar ár og renna þrjár þeirra í Jöklu. Stangveiði er stunduð í þeim.

Kaldá er nokkurt vatnsfall sem kemur úr Smjörfjöllum og fellur í Jökulsá (2. mynd). Áin er með lága leiðni (tafla 1) og er því líklega ófrjósöm. Neðst rennur hún á malareyrum, en er ofar í gili og um 3 til 4 km frá ós hennar er ófiskgengur foss. Bleikja er í Kaldá og þverá hennar, **Sauðá**, en þar er einnig urriði enda er hún heldur frjósamari.

Fossá er aðeins fiskgeng stuttan spöl, en þar ofan við eru 3-4 km með góðu seiðabúsvæði upp að fossum við fjallsrætur. Fossá á láglandari upptök en stöllur hennar sem nefndar hafa verið og er því með hærri leiðni (tafla 1). Ánni svipar mjög til **Laxár**, utan hvað vatnsmagn hennar er u.þ.b. helmingi minna. Laxá er fiskgeng um 4 km að fossi við Fossgerði. Í ánni er lax og bleikja, enda er áin allfrjósöm. Skilyrði til fiskframleiðslu í þverám Jöklu ofar í vatnakerfinu eru óþekkt.

Á Jökuldalsheiði eru vötn sem sum hver gætu orðið fyrir áhrifum af fyrirhuguðum virkjunum. **Sænavatn** (2.3 km²) er á vatnasvæði Hofsár í Vopnafirði. Í því er bleikja og góð veiði (Árni Helgason 1983). **Ánavatn** (4.9 km²) er stærsta vatnið á Jökuldalsheiði. Bleikja er í vatninu og er stunduð þar veiði (Árni Helgason 1983), en úr því rennur í **Þverárvatn** (0.9 km²) og síðan um **Þverá** í Jökulsá. Í **Þríhyrningsvatni** (3.6 km²) er mest fremur smá bleikja og hafa veiðar verið stundaðar þar síðustu ár. Úr Þríhyrningsvatni rennur Þríhyrningsá í Arnardalsá sem fellur í Jökulsá á Fjöllum. Um önnur vötn á Jökuldalsheiði er lítið vitað, en fiskur er í mörgum þeirra. Um vötn á Fljótdalsheiði er einnig til lítil þekking á fiski og nær engin um vötn á Hraunum og þar austur af. Smádyralíf hefur verið skoðað í nokkrum vötnum og tjörnum á Fljótdalsheiði og á Múla (Hjörleifur Guttormsson og fleiri 1981).

3. Lagarfljót

3.1. Aðalvatnsfall

Lagarfljót (Fljótið) fellur til sjávar í Héraðsflóa (3. mynd) og á sameiginlegan ós með Jökulsá á Dal (Brú). Vatnasvið Lagarfljóts er um 2900 km², þar af eru 140 km² jökull (tafla 1). Vatnasvið Lagarfljóts er að miklu leyti hálent, eins og stór hluti Austfjarðasvæðisins. Til Fljótsins falla margar dragár (Sigurjón Rist 1990), flestar fremur kaldar og efnasnauðar. Stafar það bæði af snjóbráð langt fram eftir sumri og grunnum og oft gróðurlitlum jarðvegi sem vatnið rennur um, auk þess sem viðstöðutími vatnsins er stuttur. Ríkjandi fisktegund í ánum er því bleikja. Þó má í undantekningartilfellum finna lax og urriða á svæðinu, einkum í lækjum og smáám sem eiga upptök sín að mestu á láglandi á Héraði eða renna nokkurn veg þar um. Sum þessarar vatnsfalla geta hins vegar orðið mjög vatnslítill eða jafnvel þornað alveg.

Neðan **Lagarfoss**, sem er um 21 km frá sjó, rennur Lagarfljótið um afar hallalítið og sendið land. Á þessum kafla eru uppeldissvæði fyrir fisk af mjög skornum skammti, en þó má finna bleikjuseiði á stöku stað.

Ofan við Lagarfoss er halli farvegarins áfram lítill og í raun um tvö "stöðuvötn" að ræða, fyrst **Vífilstaðaflóa (Steinsstaðaflóa)** (6.9 km²) sem stækkaði við virkjun í Lagarfossi og ofar sjálfur **Lögurinn** (53 km²). Vatnshæð Lagarins stjórnast í dag í Lagarfossvirkjun og af afrennsli á vatnasviðinu. Í Leginum veiðist bleikja. Talsvert er um smáa bleikju, auk stórvaxnari bleikju sem líklega er fiskiæta. Urriði finnst einnig í þessum vötnum og hugsanlegt er að einhver hrygning geti átt sér stað á svæðinu frá Legi niður í Vífilstaðaflóa og í hliðaránum. Einhver netaveiði er stunduð í vötnunum. Lítið er vitað um Lagarfljótsorminn og litlar nytjar af honum taldar.

3.2. Þverár Lagarfljóts

Rangá (3. mynd) er fiskgeng um 1 km, upp að flúðum í ánni. Gera má þær flúðir fiskgengar án mikils tilkostnaðar og eru þá 12 km fiskgengir að flúðum við bæinn Flúðir. Áin er allfrjósöm og á köflum neðan Flúða eru góð uppeldissvæði fyrir seiði. Ofan við Flúðir (um 8 km) upp að **Sandvatni** (2.8 km²) hefur áin ekki verið skoðuð, né lækir sem í hana renna á þeirri leið. Ríkjandi tegund í ánni er urriði.

Í **Urriðavatnslæk** var urriði og í **Urriðavatni** (1.0 km²) bæði urriði og bleikja. Stífla við útfall vatnsins spillti fyrir göngum urriða milli lækjarins og vatnsins og er nú eingöngu bleikja í vatninu (Árni Helgason 1983). Lækurinn er fiskgengur stutt upp frá Fljótinu. Auk **Urriðavatns**

eru nokkur vötn á láglandinu á móts við Lagarfoss, beggja megin Lagarfljóts. Takmörkuð vitneskja er til um þessi vötn. Í Fellum er bleikja og urriði í *Langavatni* (0.57 km²) (Árni Helgason 1983) og *Ekkjuvatni* (0.18 km²) og bleikja í *Villingavatni* (0.12 km²), *Reyðarvatni* (0.13 km²) (Árni Helgason 1983), *Krókavatni* (<0.1 km²) og *Skrugguvatni* (<0.1 km²). Í Hjaltastaðapinghá er bleikja og urriði í *Selvatni* (<0.1 km²) (undir Selfelli) og *Ásgrímsstaðavatni* (<0.1 km²), urriði er í *Krókavatni* (0.33 km²), *Hjálpartjörn* (<0.1 km²) og *Selvatni* (0.27 km²), auk bleikju í *Eiríksvatni* (0.41 km²). Í Eiðapinghá er urriði í *Mjóavatni* (0.16 km²), urriði og bleikja í *Arnarvatni* (0.21 km²), *Grafarvatni* (0.43 km²) og *Eiðavatni* (1.2 km²). Í Hróarstungu er bleikja í *Þórisvatni* (0.43 km²) og bleikja og urriði í *Stekkjavatni* (<0.1 km²) (Árni Helgason 1983). Veiði er stunduð í mörgum þessarra vatna, en mismikið.

Eyvindará fellur í Lagarfljót við Egilsstaði. Áin er fiskgeng um 17 km frá Lagarfljóti og er fremur efnasnauð, enda á hún upptök sín í háum fjöllum. Ríkjandi tegund í Eyvindará er bleikja, en stangveiði er stunduð í ánni. *Uppsalaá* rennur um láglent landsvæði í Eyvindará. Leiðnin er því hærri í henni og þar þrífst urriði.

Grímsá fellur í Löginn neðanverðan og er fiskgengi hluti hennar um 10 km, að fossi við Grímsárvirkjun, en ofar skiptist áin í *Múlaá* sem fellur um Suðurdal og *Geitdalsá* sem fellur um Norðurdal. Upptök árinna eru hálend og áin því efnasnauð. Bleikja er í vatnakerfinu, auk þess sem finna má þar urriða, og er stunduð þar stangveiði. Í *Skriðuvatni* (1.0 km²) í Suðurdal er urriði og bleikja, en bleikja var ekki á þessum slóðum fyrr en eftir sleppingu á áttunda áratugnum. Auk þess falla í Fljótið neðan Grímsár og í Grímsá neðantil nokkrar smáar og lækir. Sumir þessarra lækja eru allfrjósamir og má finna urriða í sumum þeirra. Þetta eru *Höfðaá*, *Unalækur*, *Beiná*, *Kaldá* og *Tunguhagalækur*.

Af Fljótsdalsheiði falla í Löginn *Ormarsstaðaá*, *Hrafngerðisá* og *Þorleifará*, auk smærri lækja. Þessar ár eru allar fremur frjósamar eins og há rafleiðni ber með sér, enda margar komnar úr vötnum. Á hinn bóginn eru þær stutt fiskgengar þar sem þær falla fram af heiðarbrúninni og renna um skamman veg út í Löginn. *Svíná* sem fellur neðarlega í Ormarsstaðaá er fiskgeng um 2 km og hefur að geyma uppeldissvæði fyrir seiði. Urriði er væntanlega ríkjandi fisktegund í þessum ám, þar sem botngerð er heppileg. Í sumum þessarra áa er einhver veiði.

Gilsá fellur í Löginn við ós Jökulsár. Áin er í þröngu og djúpu gili, stutt fiskgeng og er ófrjósöm og efnasnauð.

Jökulsá á Fljótsdal er jökulskotin dragá sem fellur í Löginn um Norðurdal og eru

jökuláhrifin mest afgerandi síðsumars. Áin er fiskgeng um 25 km frá Leginum og á þeim kafla er botngerð með því móti að seiði gætu þrífist þar, en rafleiðni vatnsins bendir til lítillar frjósemi árinna. Hins vegar er ekkert vitað um hvort fiskur er í ánni og þá í hvaða mæli. Miklir vatnavextir á vorin og síðsumars hafa væntanlega áhrif á bæði fiskframleiðslu og veiðimöguleika.

Kelduá er mikið vatnsfall sem fellur um Suðurdal í **Jökulsá á Fljótsdal** og er dragá með jökuláhrifum. Áin er fiskgeng um 12 km frá ármótum. Rafleiðni árinna er lág sem bendir til lítillar frjósemi. Í Kelduá má finna kafla þar sem botngerð hentar til seiðauppeldis, bleikja elst upp í ánni og þar er allnokkur stangveiði á bleikju.

Í Jökulsá á Fljótsdal renna einnig **Hengifossá** og **Bessastaðaá** sem koma af Fljótsdalsheiði. **Bessastaðaá** er fiskgeng um 4 km frá ármótum og hefur efsti fjórðungurinn að geyma uppeldissvæði fyrir seiði. Hengifossá er mjög stutt fiskgeng.

3.3. Fiskræktaraðgerðir á vatnasvæði Lagarfljóts

Lagarfoss hefur lengi verið talinn gönguhindrun fyrir sjógöngufisk. Þó eru líkur til að fossinn hafi verið fær fiski í ákveðnu vatnsrennsli, eins og nokkrir laxar sem veiddust í vatnakerfinu ofan við foss sanna. Austurískur vatnalíffræðingur, F.K. Reincsh, skoðaði vatnakerfi Lagarfljóts 1925 og taldi þar ræktunarmöguleika fyrir lax, meðal annars með fiskvegagerð í Lagarfossi. Árið 1932 er stofnað Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs og reist tvö klakhús, annað við Kirkjubæ skammt frá Lagarfossi og hitt við Eyvindará. Sama ár er byggður fiskvegur í fossinn eftir teikningu Geirs Zoega. Fiskræktarfélagið varð seinna (1966) að Veiðifélagi Fljótdalshéraðs. Í kjölfar byggingu klakhúsanna var kviðpokaseiðum af laxi sleppt í þverár Lagarfljóts. Eftir fyrsta árið gekk erfiðlega að afla klakfiskjar og voru hrogn þá flutt frá Elliðaánum. Klakstarfsemin lognaðist fljótt út af. Geir Gígja skoðaði svæðið 1942 og taldi þar ræktunarmöguleika fyrir lax. Þór Guðjónsson skoðaði svæðið 1946 og síðar og birtir álit sitt í skýrslu 1966 og í fyrri álitsgerðum. Meginniðurstaða Þórs er að skilyrði séu til ræktunar lax en frekari rannsókna sé þörf og leggur mikla áherslu á betri fiskveg í Lagarfoss. Af og til var sleppt laxaseiðum í vatnakerfið, mest kviðpokaseiðum í fyrstu sem oftast voru flutt frá Elliðaárstöðinni. Síðar var einnig sleppt smáseiðum frá Elliðaárstöðinni. Ýmsar hugmyndir komu fram um stórfelda ræktun á svæðinu og voru lögð fram frumvörp á þingi þar að lútandi, en ekki varð úr framkvæmdum fyrr en 1970. Þá leigði Stangveiðifélag Reykjavíkur vatnasvæðið og hóf miklar laxaseiðasleppingar. Sleppt var árlega miklum fjölda smáseiða næstu 10 árin (tafla 2). Samhliða þessu var netaveiði á laxi neðan við Lagarfoss hætt, en þar veiddust árlega einhverjir tugir laxa áður, mismikið þó. Lagarfoss var

virkaður 1975 og var þá byggður nýr laxastigi í fossinn, sem Sigurður Thoroddsen teiknaði. Árangur ræktunarinnar lét þó á sér standa. Einungis veiddust örfáir laxar í vatnakerfinu á árunum eftir stigabygginguna. Fljótlega töldu menn að laxastiginn virkaði ekki og var settur teljari í stigann 1976, en sá teljari vann ekki eins og til var ætlast. Upp úr 1980 var sett kista í stigann og hafin tilraunaveiði neðan við fossinn. Sum árin gekk fiskur í stigann og var þar á ferð stór urriði, auk nokkurra laxa. Það er því ljóst að stiginn virkaði ekki sem skyldi. Eftir skoðun starfsmanna Veiðimálastofnunar var ljóst að fiskur átti erfitt með að finna stigann, auk þess sem hann átti erfitt með að komast upp úr stiganum. Stiganum var breytt 1992 að tillögu Veiðimálastofnunar og teiknaði Guðmundur Gunnarsson breytinguna. Neðan við foss veiddust alltaf laxar og sumir þeirra ættaðir úr sleppingum. Einnig fundust merktir laxar úr sleppingum annars staðar. Síðustu ár hefur Veiðifélag Fljótsdalshéraðs látið fara fram tilraunaveiðar í net neðan við Lagarfoss og hefur Sigurður Jónsson á Kirkjubæ annast þá veiði (tafla 3 og 4). Fiskræktarsagan í Lagarfljóti er því fremur dapurleg. Væntingar um árangur voru of miklar, eins og reynslan og rannsóknir seinna meir sýndu.

Heppileg búsvæði fyrir lax ofan Lagarfoss eru takmörkuð (Teitur Arnlaugsson 1978, Hákon Aðalsteinsson 1982) og að mestu bundin við smáár sem koma upp og renna um láglendi á Héraði. Sum þessi svæði eru þar að auki ófiskgeng þannig að lax getur ekki numið þar sjálfur land. Dæmi er meirihluti Rangár svo og efri hluti margra smááa. Laxaseiðin sem sleppt var, voru af Elliðaárstofni ef undan eru skilin seiðin sem sleppt var síðustu árin (tafla 2). Ólíklegt verður að telja að Elliðaárstofni henti vel í vatnakerfi Lagarfljóts, þar eð umhverfið í þessum ám er gerólikt og langt á milli þessarra vatnakerfa. Gönguseiði á leið til sjávar lenda að einhverju leyti í hverflum Lagarfossvirkjunarinnar og veldur það ákveðnum afföllum á þeim (Eric Montén 1982). Veiðiskilyrði í vatnakerfinu eru einnig takmörkuð. Lax er allnokkurn tíma að ganga upp Fljótið að bergvatnsánum ofan við foss. Vel er þekkt hér á landi að lax bíður í jökulvatni, þar sem hann er óhultur fram eftir sumri og jafnvel fram á haust áður en hann gengur í bergvatnsár til hrygningar. Endurheimtur lax úr sleppingum gæti hafa átt í erfiðleikum með að komast upp Lagarfoss og ef hann komst upp fyrir er ekki ólíklegt að veiðar á þeim laxi hafi verið litlar af fyrrgreindum ástæðum.

4. Ár í Berufirði, Hamarsfirði og Álftafirði

Helstu árnar á svæðinu sem hugsanlega verða fyrir áhrifum virkjanaframkvæmda eru *Fossá* og *Berufjarðará* sem falla til Berufjarðar, *Hamarsá*, sem fellur til Hamarsfjarðar, og *Geithellnaá* og *Hofsá*, sem falla til Álftafjarðar (4. mynd). Í þessum ám gætir snjóbráðar mikið, þær eru kaldar og hafa litla framleiðslu. Skilyrði til fiskframleiðslu eru því takmörkuð og er bleikja ríkjandi fisktegund í þeim öllum, þó finna megja lax og urriða í litlu magni á svæðum þar sem skilyrði eru betri (Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1993) (tafla 1). Auk þessarra áa fellur *Selá* sunnarlega í Álftafjörð, en hún er frjósamari en hinar, styttri og jökulbráðar gætir ekki í henni. Netaveiði er stunduð í Hamarsfirði og Álftafirði og stangveiði í ánum sem í þá renna, en veiðiskráning er takmörkuð. Veiðinýting við Berufjörð er ekki þekkt.

Fossá rennur um Fossárdal til Berufjarðar. Hún er dragá sem kemur úr *Líkárvatni* (1,0 km²) og er um 22 km löng, en efsti hlut hennar nefnist Líká. Vatnasvið hennar er um 104 km² (Sigurjón Rist 1990). Ófiskgengur foss er skammt frá sjó.

Berufjarðará fellur í botn Berufjarðar. Hún er 12 km löng dragá og er vatnasvið hennar 56 km² (Sigurjón Rist 1990). Bleikja finnst í ánni, en önnur vitneskja um ána er af skornum skammti.

Hamarsá rennur um Hamarsdal til Hamarsfjarðar, en heildarlengd hennar er um 31 km. Innstu upptök hennar eru í heiðaflákum í 800-900 m hæð yfir sjávarmáli. Kvíslar úr Þrándarjökli renna í Hamarsá, en vatnasvið hennar er um 270 km² og er jökull 12 km² þar af (Sigurjón Rist 1990). Í Hamarsá er foss um 5 km frá sjó sem er gönguhindrun fyrir fisk. Á þeim svæðum sem skoðuð hafa verið eru takmörkuð búsvæði fyrir fisk, en þó falla í hana hliðarár og lækir sem standa undir einhverri fiskframleiðslu.

Geithellnaá rennur til Álftafjarðar um Geithellnadal, sem gengur vestur í hálendið austur og norðaustur af Vatnajökli. Geithellnaá á aðalupptök sín í Þrándarjökli. Um 2 til 3 km frá sjó eru gljúfur og fossar í ánni og er fiskgengi hluti hennar er því stuttur. Lengd árinna er um 31 km og vatnasvið hennar 184 km², þar af jökull 5 km² (Sigurjón Rist 1990).

Hofsá fellur til Álftafjarðar, en lengd hennar er um 25 km. Hofsá verður til úr tveimur ám sem eiga upptök sín í Hofsvötnum austan Hofsjökuls og Hofsjökli. Eftir að árnar sameinast er halli Hofsár litill og fellur hún á breiðum eyrum til Álftafjarðar. Vatnasvið Hofsár er um 188 km² og þar af er jökull 12 km² (Sigurjón Rist 1990). Finna má svæði til fiskframleiðslu neðarlega í ánni, en lítið er vitað um hana ofar.

FREKARI RANNSÓKNIR

Viðamiklar náttúrufarskannanir hafa farið fram á virkjansvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar. Af einhverjum ástæðum hefur lítið sem ekkert verið hugað að því að rannsaka fiskstofna í ám og vötnum. Af þeim sökum er þekking á fiskstofnum þessarar stóru vatnakerfa mun minni en á öðru dýralífi og gróðurfari. Mest er vitað um vatnasvið Lagarfljóts, en þar skortir helst vitneskju um fiskstofna á heiðum uppi, bæði í ám og vötnum. Sama má segja um fisk í vötnum á Hraunum og í vötnum sem falla til suðurfjarðanna, þau eru ókönnuð nema í byggð. Áður en virkjanaframkvæmdir hefjast ber að beina áherslu á rannsóknir í ám og vötnum sem verða fyrir áhrifum af væntanlegum virkjunum.


Í Jökulsá á Dal er ekkert vitað um fisk og þyrfti að bæta þar við grundvallarþekkingu með rannsóknum. Jökulsá á Fjöllum og ár sem til hennar falla eru einnig með öllu órannsakaðar, en lindir og lindár sem falla til Jökulsár á fjöllum uppi eru líklega afar sérstæð vistkerfi sem brýnt er að afla þekkingar um. Grunnrannsóknir á lífríki þessarar tveggja stóráa, og þverám þeirra, þyrftu að fara fram hið fyrsta.

ÞAKKARORÐ


Gunnari Jónssyni, Egilsstöðum V, og Jóni V. Einarssyni, Hvanná I, eru þakkaðar greinargóðar upplýsingar. Þór Guðjónsson fær þakkir fyrir góðar upplýsingar varðandi rannsóknir og fiskræktaraðgerðir á svæðinu. Þórólfi Antonssyni eru þakkaðar ýmsar ábendingar við yfirlestur handrits.

HEIMILDIR


- Árni Helgason 1983. Athuganir á fiskstofnum í silungsvötnum á Héraði, í Jökulsdalsheiði og í Vopnafirði 1982 og 1983. *Veiðimálastofnun*, VMST-A/8307.
- Elvar H. Hallfreðsson 1990. Aldursrannsóknir á löxum í Lagarfljóti árið 1989 og samantekt fyrir árin 1983 og 1985 til 1989. *Veiðimálastofnun*, VMSTR/90002
- Eric Montén 1982. Um fiskveginn í Lagarfossi. *Orkustofnun*, OS8820004/VOD09.
- Geir Gígja 1946. Vatnakerfi Lagarfljóts og ár í Vopnafirði. *Fiskideild Atvinnudeildar Háskólans*.
- Haukur Tómasson 1992. Hraunavirkjun meiri. Lausleg forathugun. *Orkustofnun*, OS-92046/VOD-12 B.
- Hákon Aðalsteinsson 1982. Um fiskræktarskilyrði á Héraði. *Orkustofnun*, OS8820004/VOD09.
- Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989. Stöðuvötn á Íslandi. *Orkustofnun*, OS-89004/VOD02.
- Hákon Aðalsteinsson og Oddur Sigurðsson 1993. Austurlandsvirkjun. Áhrif á framburð og strandrof við Héraðsflóa og Öxarfjörð, grugg og hitastig í Lagarfljóti, og ástand strandsjávar. *Orkustofnun*, OS-93070/VOD-07.
- Hjörleifur Guttormsson (ritstj.), Einar Þórarinnsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson og Hákon Aðalsteinsson 1981. Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár á Fljótssdal og Jökulsár á Dal. *Orkustofnun*, OS81002/VOD02.
- Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1993. Rannsóknir á sjóbleikju í Álftafirði, Hamarsfirði og Berufirði. *Veiðimálastofnun*, VMST-R/93023.
- Kristján Þórarinnsson (verkefnisstj.), Einar Þórarinnsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn H. Skarphéðinnsson, Skarphéðinn Þórisson og Björn Ingvarsson 1993. Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun). *Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO)*.
- Sigurður Guðjónsson 1990. Classification of Icelandic watersheds and rivers to explain life history strategies of Atlantic salmon. *Doktorsritgerð við Ríkisháskólann í Oregon, Corvallis*.
- Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. *Bókauitgáfa Menningarsjóðs*, Reykjavík.
- Steingrímur Benediktsson og Jón Ingi Sigurbjörnsson 1987. Vinnan á Lagarfljótssvæðinu 1986, tillögur um aðgerðir 1987. *Veiðimálastofnun*, VMST-A/87006.
- Teitur Arnlaugsson 1978. Lífsskilyrði lax í þverám Lagarfljóts. *Veiðimálastofnun*.
- Viglundur Möller 1956. Vatnasvæði Lagarfljóts. *Veiðimaðurinn* 38:4 - 7.
- Þór Guðjónsson 1966. Fiskrækt á vatnasvæði Lagarfljóts. *Embætti Veiðimálastjóra*.




1. mynd. Vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.



2. mynd. Vatnasvið Jökulsár á Dal (Brú).



3. mynd. Vatnasvið Lagarfljóts.



4. mynd. Ár í Berufirði, Hamarsfirði og Álftafirði.

Tafla 1. Upplýsingar um vatnasvið Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Dal, Lagarfljóts og áa sem falla til Berufjarðar, Hamarsjarðar og Álfafjarðar.

Vatnsfall	Lengd (km)	Fiskgengt (km)	Vatnasvið (km ²)	Teg. *	Leiðni (μS/sm)	Fisktegundir
Jökulsá á Fjöllum	206	-	7750	J+L+D	95	-
Brunná I (A)	15	-	265	L+D	61	Urriði - Bleikja
Smjörhólsá II (A)	22	-	-	-	90	-
Gilsbakkaá II (A)	22	-	-	-	-	-
Vaðkotsá I (A)	7	-	22	L	-	-
Valagilsá I (A)	5	-	-	-	-	-
Skarðsá I (A)	34	-	683	D	61	-
Hvanná II (A)	30	-	-	-	-	-
Grafarlandaá I (V)	15	-	-	-	-	-
Arnardalsá I (A)	28	-	389	D+L	-	-
Kreppa II (A)	71	-	1133	J+D	-	-
Lindá III	16	-	-	L	-	-
Jökulsá á Dal	150	-	3700	J+D	33	-
Kaldá I (N)	32	< 1	170	D	17	Bleikja
Sauðá II (N)	6	< 0,1	18	D	29	Bleikja - Urriði
Fossá I (N)	11	< 0,4	-	D+S	51	Bleikja
Laxá I (N)	25	~ 3	90	D	69	Lax
Hnefilsdalsá (Hnefla) I (A)	25	~ 1	117	D	-	-
Gilsá I (N)	23	< 0,1	161	D	-	-
Eyvindará I (A)	35	< 0,1	217	D	-	-
Hölná I (A)	37	< 0,1	128	D	64	-
Hrafnkela I (A)	46	~ 1	184	D	-	-
Þverá I (N)	23	< 0,1	100	D+S	79	-
Lagarfljót	140	~104	2900	J+D	65	-
Lagarfljót neðan Lagarfoss	21	21	2800	D+S+J	65	Bleikja (Lax)
Lagarfljót neðan við Lög	48	48	-	D+S+J	65	(Lax)
Fiskilækur I	13	-	23	S+D	78	-
Rangá I (N)	35	~ 1 (12)	130	D	70	Urriði
Urriðavatnlækur I (N)	1,3	< 0,1	16	S+D	116	Urriði
Eyvindará I (A)	25	~ 17	230	D+L	21	Bleikja - Urriði
Uppsalaá II (A)	9	-	30	D	48	Urriði
Lögur	31	31	-	D+S+J	56	-
Höfðaá I (A)	5	-	-	D	-	-
Unalækur I (A)	6	-	-	D	65	Urriði
Grímsá I (A)	54	~ 10	585	D	34	Bleikja - Urriði
Þorleifará (N)	10	0,2	-	D	124	-
Ormarsstaðaá I (N)	12	< 1	-	D+S	78	-
Svíná II (N)	9	~ 2	-	D	112	-
Hrafnsgarðisá I (N)	13	< 0,1	20	D	95	-
Gilsá I (A)	22	< 0,1	82	D	32	-
Jökulsá á Fljótsdal	61	~ 25	1050	D+J	54	-
Hengifossá I (N)	12	< 0,7	62	D	74	-
Bessastaðaá I (N)	30	~ 4	127	D	91	-
Kelduá I (A)	47	~ 12	445	D	20	Bleikja
Fossá (Berufjörður)	22	~ 0,4	104	D	23	-
Berufjarðará (Berufjörður)	12	-	56	D	24	Bleikja
Hamarsá (Hamarsfjörður)	31	-	270	D+(J)	20	Bleikja - (Lax)
Geilthellnaá (Álfafjörður)	31	~ 2	184	D	20	Bleikja
Hofsá (Álfafjörður)	25	-	188	D+J	45	Bleikja - (Urriði)
Suðurá I	15	-	68	D+J	-	-

- ekki þekkt.

* J=jökulár, D=dragár og L=lindár. S=stöðuvatn.

Tafla 2. Fjöldi laxaseiða sleppt á vatnasvæði Lagarfljóts á árunum 1970-1994.

Sleppi- ár	Fjöldi seiða sleppt	
	Sumaralin seiði	Göngu- seiði
1970	150.000	0
1971	150.000	0
1972	150.000	0
1973	150.000	0
1974	150.000	0
1975	162.000	0
1976	150.000	2.000
1977	65.000	0
1978	150.000	0
1979	92.000	0
1980	6.000	900
1981	29.000	0
1982	20.000	0
1983	10.000	0
1984	11.000	0
1985	0	0
1986	0	0
1987	5.000	0
1988	0	0
1989	0	0
1990	0	0
1991	0	0
1992	~ 20.000	0
1993	~ 20.000	0
1994	0	0

Tafla 3. Aldurssamsetning laxveiði í Lagarfljóti 1984-1994. G í aldri táknað fyrri hrygningu.

Laxveiði 1985:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	4				4	1,5
3	60	17	3	3	83	31,9
4	93	29	4	3	129	49,6
5	32	8	2	2	44	16,9
6						
Samtals	189	54	9	8	260	
%	72,7	20,8	3,4	3,1		
%	93,5		6,5			

Laxveiði 1986:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2						
3	11	6	10	26	53	21,6
4	41	39	25	31	136	55,5
5	13	26	6	7	52	21,2
6	3		1		4	1,6
Samtals	68	71	42	64	245	
%	27,8	29,0	17,1	26,1		
%	56,7		43,3			

* Einnig endurheimtir 36 laxar úr seiðasleppingum (Steingrímur Benediktsson og Jón Ingi Sigurbjörnsson 1987).

Laxveiði 1987:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2						
3	14	7	2	8	31	11,4
4	68	60	15	43	186	68,4
5	19	18	5	9	51	18,8
6	1	3			4	1,5
Samtals	102	88	22	60	272	100
%	37,5	32,4	8,1	22,1		
%	69,9		30,1			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður:

Fjöldi	Aldur	Kyn
1	4.1G1+	hængur
1	4.1G1+	hrygna
1	4.2G+	hrygna

Einnig 7 ólesanleg hreistur.

Tafla 3. framhald

Laxveiði 1988:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2						
3	9	1	4	10	24	37,5
4	8	9	4	16	37	57,8
5		1	1	1	3	4,7
6						
Samtals	17	11	9	27	64	
%	26,6	17,2	14,1	42,2		
%	43,8		56,3			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður: Fjöldi Aldur Kyn
1 3.2G+ hrygna
1 4.2G+ hrygna

Einnig 9 ólesanleg hreistur eða vantaði og einn ókyngreindur fiskur (4.1+).

Laxveiði 1989:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	1				1	2,1
3	14	2	6	10	32	68,1
4	8		2	3	13	27,7
5	1				1	2,1
6						
Samtals	24	2	8	13	47	
%	51,1	4,2	17,0	27,7		
%	55,3		44,7			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður: Fjöldi Aldur Kyn
2 3.2G+ hrygnur
1 4.2G+ hængur
1 5.1G1+ hængur

Einnig 2 eldisfiskar og 2 ólesanleg hreistur (Elvar H. Hallfredsson 1990).

Laxveiði 1990:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2						
3	7	2	2	6	17	81,0
4		1		3	4	19,0
5						
6						
Samtals	7	3	2	9	21	
%	33,3	14,3	9,5	42,9		
%	47,6		52,4			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður: Fjöldi Aldur Kyn
1 3.1G+ hængur

Einnig 15 eldisfiskar.

Tafla 3. framhald

Laxveiði 1991:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2						
3	6	7		3	16	88,9
4	1	1			2	11,1
5						
6						
Samtals	7	8		3	18	
%	38,9	44,4	0,0	16,7		
%	83,3		16,7			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður:

Fjöldi	Aldur	Kyn
1	3.1G+	hængur
1	3.2G+	hrygna

og 2 fiskar úr hafbeitar eða gönguseiðasleppingum.

Laxveiði 1992:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2		1			1	1,2
3	35	14	6	11	66	79,5
4	10	4	2		16	19,5
5						
6						
Samtals	45	19	8	11	83	
%	54,2	22,9	9,6	13,3		
%	77,1		22,9			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður:

Fjöldi	Aldur	Kyn
1	3.1G+	hængur
1	3.1G+	hrygna
1	3.2G+	hængur
3	3.2G+	hrygnur

Einnig 19 eldisfiskar og 5 ólesanleg eða ónýtt hreistur.

Laxveiði 1993:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	1				1	2,6
3	14	2	5	11	32	84,2
4	3	1	1		5	13,2
5						
6						
Samtals	18	3	6	11	38	
%	47,4	7,9	15,8	28,9		
%	55,3		44,7			

* Auk fiska sem hrygnt höfðu áður:

Fjöldi	Aldur	Kyn
2	3.2G+	hængar
1	3.2G+	hrygna

Einnig 7 eldisfiskar og 4 ólesanleg hreistur.

Tafla 3. framhald.

Laxveiði 1994:

Ár í ánni	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals 1 og 2 ár	
	Hængar	Hrygnur	Hængar	Hrygnur	Fjöldi	%
2	1				1	5,6
3	3	1	1	3	8	44,4
4	2	2	1	4	9	50,0
5						
6						
Samtals	6	3	2	7	18	
%	33,3	16,7	11,1	38,9		
%	50,0		50,0			

* Auk þess 1 ólesanlegt hreistur og 6 hreistur af eldisfiski.

Tafla 4. Skipting laxveiðinnar í Lagarfljóti 1985-1994 á klakárganga.

Klaskár	Veiðarár																				Samtals
	1985		1986		1987		1988		1989		1990		1991		1992		1993		1994		
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
1978	4	1,5	1	0,4																	5
1979	47	18,1	16	6,5																	63
1980	128	49,2	95	38,8	21	7,6															244
1981	77	29,6	116	47,3	95	34,5	3	4,5	1	2,0											292
1982	4	1,5	17	6,9	138	50,2	22	33,3	1	2,0											182
1983					21	7,6	31	47,0	8	15,7											60
1984							10	15,2	24	47,1	3	13,6									37
1985									16	31,4	10	45,5	1	5,0							27
1986									1	2,0	9	40,9	6	30,0	6	6,7					22
1987													13	65,0	33	37,1	4	9,8			50
1988															49	55,1	20	48,8	5	27,8	74
1989															1	1,1	16	39,0	8	44,4	25
1990																	1	2,4	4	22,2	5
1991																			1	5,6	1
Samtals	260		245		275		66		51		22		20		89		41		18		